

Málefнасamningur
Sjálfstæðisflokks
og Viðreisnar
2026-2030



FRELSI

ÁBYRGÐ

**MANNLEG
NÁLGUN**



Sjálfstæðisflokkur og Viðreisn í Mosfellsbæ gera með sér samning um myndun meirihluta fyrir kjörtímabilið 2026-2030.

Málefнасamningurinn er byggður á stefnumálum flokkanna og sameiginlegri sýn.

Áhersla er á ábyrgan og traustan rekstur, sterka fjárhagsstöðu og að bæjarsjóður sé rekinn með jákvæðri afkomu. Ábyrg fjármálastjórn er forsenda þess að Mosfellsbær geti staðið undir öflugri þjónustu, skýrri forgangsröðun og framtíðarsýn í uppbyggingu sveitarfélagsins.

Við leggjum áherslu á skilvirka og gagnsæja stjórnsýslu með einföldum boðleiðum og bættri stafrænni þjónustu. Fjármunum verður varið af ábyrgð, áhersla lögð á hóflegar álögur og hagkvæmni í rekstri.

Með skýr markmið að leiðarljósi viljum við efla þjónustu við íbúa á öllum sviðum: í menntun, velferð og frístundum, á sama tíma og við styðjum við uppbyggingu fjölbreytts húsnæðis, atvinnulífs og öflugs samfélags þar sem mannlíf fær að blómstra.

Samstarfið byggir á gildum frelsis og ábyrgðar með áherslu á mannlega nálgun þar sem metnaður er lagður í að veita góða þjónustu, efla lífsgæði og tryggja að Mosfellsbær verði áfram eftirsóknarverður staður til að búa og starfa í.



Rekstur og stjórnsýsla

- Tryggjum traustan og ábyrgan rekstur, sterka fjárhagsstöðu og góða fjármálastjórn. Setjum Mosfellsbæ fjármálastefnu.
- Hagræðum í rekstri um leið og við tryggjum að þjónusta verði ekki skert.
- Styttri og einfaldari boðleiðir í stjórnsýslunni, skjót svör og skilvirkari þjónusta.
- Höldum áfram að bæta stafræna þjónustu, þannig að íbúar geti m.a. fylgst með stöðu sinna mála.
- Sanngjarnar álögur á íbúa, lækkun fasteignaskatts á atvinnu- og íbúðarhúsnæði.
- Mörkum innkaupastefnu Mosfellsbæjar með það fyrir augum að samþætta innkaup bæjarins eins og kostur er.
- Eflum eftirlit og aðhald með framkvæmdum sveitarfélagsins og mörkum stefnu fyrir viðhald og rekstur fasteigna.
- Setjum skýr og mælanleg markmið í starfsemi sveitarfélagsins og eflum innri endurskoðunar Mosfellsbæjar.



Skóla-, frístunda- og dagvistunarmál

- Tryggjum skólastarf í fremstu röð með aðgengi að vönduðu námsefni, framúrskarandi aðbúnaði og samþættri stoðþjónustu, ásamt því að áframhaldandi uppbygging skólahúsnæðis taki mið af þörfum skólasamfélagsins.
- Sköpum skilyrði fyrir fjölbreytt rekstrarform grunn- og leikskóla til að bjóða bæði nemendum og starfsfólki upp á valkosti í námi og starfi.
- Börnin í fyrsta sæti: sálfræðiþjónustu í skólum, langtímasamningar um sálfræðiþjónustu fyrir ungt fólk, foreldralína, fræðsla og stuðningur við foreldra.
- Styttum biðlista eftir talmeinafræðingum með bættum samningum við ríkið og fjarþjónustu innan skóla.
- Höldum áfram að efla starfsemi Bólsins félagsmiðstöðvar.
- Tryggjum viðeigandi uppbyggingu í leikskólum til að viðhalda góðu þjónustustigi.
- Höldum áfram því markmiði að taka börn inn á leikskóla við 12 mánaða aldur. Kostnaður foreldra frá 12 mánaða verður áfram sá sami hvort sem barn er hjá dagforeldri eða á leikskóla.



Skipulagsmál

- Þrýstum á að yfirvöld hefji framkvæmdir við Sundabraut sem fyrst til að léttu á umferðarpunga, og tryggjum að hágæða almenningsamgöngur nái til Mosfellsbæjar á umsömdum tíma.
- Tölum fyrir valfrelsi í samgöngum og styðjum við ólíka ferðamáta hvort sem um ræðir einkabílinn, almenningsamgöngur, virka ferðamáta eða annað.
- Tryggjum fjölbreytt húsnæði í nýjum hverfum og að fleiri en eitt svæði í einu sé í uppbyggingu.
- Mótum áætlun um uppbyggingu miðbæjar þar sem mannlíf er í forgrunni.
- Styrkjum menningarása í bænum þar sem mannlíf fær að blómstra, t.d. með því að ljúka deiliskipulagi Ævintýragarðs og skipuleggja svæðið fyrir ofan Álafosskvos með það að markmiði að skapa m.a. útivistar- og menningarsvæði.
- Beitum okkur fyrir bættu umferðaröryggi um Þingvallaveg og þrýstum á varanlega lausn.
- Eflum aðstöðu til útivistar og mannlífs með því að skoða uppbyggingu tjaldsvæðis innan bæjarmarka og tryggja góða aðstöðu fyrir hundagerði á nýjum stað.



Lýðheilsu- og velferðarmál

- Sköpum skilyrði fyrir fjölbreytt rekstrarform í heilbrigðisþjónustu s.s. í formi einkarekinnar heilsugæslu.
- Beitum okkur fyrir því verkefnið „Gott að eldast“ verði fest í sessi og þannig tryggja að þörfum sé mætt og þjónusta þróuð í takt við breytingar á þörfum aldraðra.
- Tryggjum fötluðu fólki viðeigandi og einstaklingsmiðuð úrræði og leggjum upp langtímaáætlun í uppbyggingu sértækra búsetuúrræða.
- Styrkjum þjónustu við fatlaða þegar kemur að hreyfingu og heilsueflingu.
- Efla frístunda- og stuðningsþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni með áherslu á markvisst hópastarf og þátttöku í nærumhverfi.
- Fjölum hjúkrunar- og dagdvalarrýmum í samstarfi við ríkið.
- Tryggjum áframhaldandi fjölbreytt og aðgengilegt félagsstarf fyrir fólk á þriðja æviskeiði.



Íþróttá- og tómstundarmál

- Uppbygging og heildarendurbætur á Varmárvæði: Tryggjum að þjónustubygging rísi, hafist verði handa við stúku við aðalvöll Mosfellsbæjar, að bílastæða- og umferðarmál verði bætt og að horft sé til heildarsvips svæðisins.
- Vinnum að því að skíðasvæðið í Skálafelli verði opnað og að staðið verði við uppbyggingu á svæðinu.
- Tryggjum að komið sé til móts við efnaminni foreldra og tryggt að börn upplifi ekki mismunun vegna félagslegra aðstæðna.
- Í samstarfi við Aftureldingu viljum við bjóða yngstu börnum í grunnskólum upp á fjölgreinaæfingar með það að markmiði að kynna þau fyrir sem flestum íþróttagreinum fyrir eitt æfingagjald.
- Finna lausn á útfærslu sem gerir börnum kleift að stunda þær frístundir sem þau kjósa, allt skólaárið.
- Gerum fellin og náttúruna okkar enn aðgengilegri fyrir öll. Með því að leggja nýja hjóla-, hlaupa-, reið- og göngustíga ásamt því að bæta upplýsingagjöf um fjölbreyttar útivistarleiðir. Samhliða því verður hugað að gróðurvernd á núverandi stígakerfi. Náttúran á að vera öruggur og hvetjandi staður fyrir heilsueflingu og útivist.



Atvinnu- og umhverfismál

- Leggjum áherslu á öflugt atvinnulíf í Mosfellsbæ.
- Löðum að og styðjum við atvinnustarfsemi, m.a. með því að fjölga lóðum og nýta hvata, s.s. fasteignaskatt, til að styrkja samkeppnishæfni.
- Hvetjum til bættrar umgengni á verslunar-, iðnaðar- og þjónustulóðum.
- Stefnum að því að koma á fót atvinnu- og umhverfisnefnd á kjörtímabilinu.
- Tryggjum heilbrigt vistkerfi strandlengjunnar, áa og lækja í sveitarfélaginu með markvissri verndun og eftirliti.
- Stöndum vörð um útivistarperlur og græn svæði Mosfellsbæjar og tryggjum að tekið sé tillit til þeirra í framtíðarskipulagi, þannig að áframhaldandi uppbygging í sveitarfélaginu verði í sátt við umhverfið.
- Fjölguðum bekkjum og ruslatunnum í bænum við göngustíga og á útivistarsvæðum.
- Leggjum metnað okkar í að hafa Mosfellsbæ fallegan, snyrtilegan og aðlaðandi.



Menningarmál

- Styðjum við uppbyggingu menningar, verslunar og þjónustu í Álafosskvos og styrkjum hana sem lifandi og aðlaðandi menningarreit.
- Stöndum vörð um öflugt menningarlíf í Mosfellsbæ og tryggjum grósku, sköpun og þróttmikið starf í Listaskólanum.
- Skoðum möguleika fyrir uppbyggingu á fjölnota sal sem nýtist til dæmis sem tónlistarsalur, íbúum og menningarlífi bæjarins til hagsbóta.
- Fjölum útilistaverkum á almennum svæðum til að styrkja sérkenni og auðkenni sveitarfélagsins.
- Höldum sögu og menningararfleifð Mosfellsbæjar á lofti, m.a. með því að tengja hana við umhverfi bæjarins með markvissri upplýsingagjöf á útivistarsvæðum.



Mosfellsbær, 28. maí 2026

Fyrir hönd Sjálfstæðisflokks:

Hilmar Gunnarsson, oddviti

Fyrir hönd Viðreisnar:

Gylfi Þór Þorsteinsson, oddviti

